



BANDALAG ÍSLENSKRA LISTAMANNA
FEDERATION OF ICELANDIC ARTISTS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi v/Austurvöll
Reykjavík

Reykjavík, 26. febr. 2004

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ný lög um erfðafjárskatt

Stjórn Bandalags ísenskra listamann (BÍL) hefur haft til umsagnar frumvarp ríkisstjórnarinnar til nýrra laga um erfðafjárskatt.

Í frumvarpinu er lagt til að numin verði brott ákvæði um undanþágur frá erfðafjárskatti sem líknarfélög, opinberir sjóðir, félög á menningarsviði og menningarstofnanir hafa notið til þessa.

Þessu er BÍL alfarið á móti og byggist sú afstaða umfram allt á eftirfarandi rökum.

Almenn félög, sjóðir og stofnanir, sem eingöngu verja hagnaði sínum til almenningsheilla eru undanþegin tekju- og eignarskatti samkvæmt gildandi lögum og hefur svo verið alveg frá 1877 er fyrstu skattalögin voru sett.

Sama hefur gilt um erfðafjárskattinn og er það einkum rökstutt með vísan til þess hversu náíð samband er þarna á milli.

Vert er að benda á að líknarfélög, opinberir sjóðir, félög á menningarsviði og menningarstofnanir inna iðulega af hendi störf, sem hið opinbera ætti með réttu að annast. Starfsemi þeirra er því mikilvæg viðbót og sparar hinu opinbera oft en ekki umtalsverðar fjárhæðir.

Loks má benda á að í sumum tilfellum er arfur í formi eigna, til dæmis listaverka. Þær aðstæður gætu því auðveldlega komið upp, að selja þyrfti eignina eða hluta hennar til að viðkomandi sjóður, félag eða stofnun geti greitt erfðafjárskattinn.

Það er mat stjórnar BÍL að þetta sér skref afturábak, einkum þar sem í umræðunni hafa verið sjónarmið bæði af hálfu opinberra aðila og annarra, að til greina kæmi að setja í lög skattaívilnanir til þeirra aðila sem vilja leggja fram fé til stuðnings listum og menningu.

Það er ljóst að þegar fjársterkir einstaklingar vilja leggja listunum lið, geta ívilnandi ákvæði, eða jákvæð mismunun í skattalögum, verið sá hvati sem til þarf, enda slíkt fyrirkomulag í þágu beggja.

Má benda á að í nágarannalöndum okkar er eftir vissum reglum unnt að draga slíkan fjárstuðning frá skattskyldum tekjum og hefur slíkt fyrirkomulag reynst vel.

BÍL leggur því til að sömu undanþágur frá erfðafjárskatti og verið hafa gildi áfram um opinbera sjóði, félög á menningarsviði og menningarstofnanir.

Bandalag Íslenskra Listamanna

Fh. stjórnar,
Tinna Gunnlaugsdóttir, forseti.